

Tillögur Eypings að áhersluverkefnum 2019

Dags: 20. maí 2019

Verkefni 6	Skjálftasetrið á Kópaskeri-summeropnun 2019
Markmið (SMART)	<i>Að halda Skjálftasetrinu á Kópaskeri opnu sumarið 2019 með ráðningu sumarstarfsmanns. Jafnframt er stefnt að því að fara í endurstefnumótun og uppfærslu safnsins til að styrkja rekstrarforsendur þess á komandi árum en ráðinn verður fagaðili til að annast þá vinnu. Mikilvægt er að halda setrinu opnu jafnhliða þeirri vinnu þar sem það er mikilvægur hlekkur í þjónustu við ferðamenn á Kópaskeri, sem og í menningarlífi og sjálfsmynd þorpsins. Með áframhaldandi vinnu við Dettifossveg og opnun Arctic Coast Way er afar mikilvægt fyrir þorp eins og Kópasker að fjölbreytt þjónusta og aðdráttarafl séu á staðnum til að laða fólk að og stuðla að því að það staldri lengur við.</i>
Stutt verkefnalýsing	Ráðinn verður sumarstarfsmaður til þess að tryggja daglega opnun frá júní og fram í september.
Framkvæmdaaðili	Skjálftafélagið á Kópaskeri
Samstarfsaðilar	Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Norðurþing
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Fellur að skilgreindu leiðarljósi sóknaráætlunar um sem jafnasta dreifingu ferðamanna um landshlutann en Norðausturhornið hefur verið afskipt í því fram að þessu. Snýr beint að markmiði 6.2. sem er að „Byggja upp innviði í landshlutanum sem snúa að ferðaþjónustu, þ.á.m. samgöngur og aðgengi að náttúruperlum.“ Þá fellur verkefnið vel að markmiðum 9, 9.2, 10 og sérstaklega 10.1.4 sem er að „Stuðla að því að nýta menningu og listir sem þátt í uppbyggingu ferðaþjónustu landshlutans.“
Árangursmælikvarði/ar	Opnunartími frá 1. júní-15. september
Lokafurð	Aðdráttarafl og þjónusta við ferðamenn í Öxarfjarðarhéraði.
Tímarammi	1. júní 2019-15. September 2019
Heildarkostnaður	Kr. 2.000.000,-
Framlag úr sóknaráætlun 2019	Kr. 2.000.000,-

S	Skýr	mikilvæg, læsileg og skiljanleg.
M	Mælanleg	þú verður að vita hvenær þú hefur náð þeim.
A	Aðlagandi	þú verður að geta náð þeim.
R	Raunhæf	það má ekki taka of langan tíma að ná þeim.
T	Tímasett	settu lokatíma á markmiðin.